



Kópavogsbær
Bergljót Sigríður Einarsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 5. október 2022
UST202210-003/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogs er barst 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð

Í erindinu kemur fram fyrirhuguð breyting er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi þ.e. að og frá hverfinu.

Auk þess kemur fram í greinargerð að náttúrufar hefur verið skoðað og leiddi sú úttekt í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Bregðast þarf við þessum nýju upplýsingum og stefnt að því að setja skilmála þar um í aðal- og deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi deiliskipulagið fyrir svæðið 20. apríl sl.¹

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%3fb6gn_Vatnsendahvarf__20.4_b.pdf

Kópavogsbær
Bergljót S. Einarsdóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 6. október 2022

Tilvísun: 202210001 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi í Vatnsendahvarfi, Vatnsendahæð

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 30. september 2022, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 15. september 2022, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að breyta útfærslu og fyrirkomulagi fyrirhugaðrar byggðar í Vatnsendahvarfi-Vatnsendahæð. Breytingin nær m.a. til íbúðarbyggðar, opins svæðis, samfélagsþjónustu og tenginga við aðliggjandi svæði.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar fyrir mótun tillögu:

Í lýsingunni eru gerð ágæt skil á forsendum þess að talin er þörf á að gera tilteknar breytingar á stefnu og afmörkun landnotkunar í Vatnsendahvarfi, Vatnsendahlíð. Hins vegar kemur ekki fram hvaða skipulagsákvæði gilda um einstaka reiti sem eru viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar. Minnt er á að í tillögu að breytingu þarf að gera grein fyrir skipulagsákvæðum fyrir ÍB-5, ÍB-6, S-27, S-67, VP-20, MV9 og OP-5.13 fyrir og eftir breytingu á viðkomandi reit, hvort sem eingöngu er um að ræða breytingar á stærð svæðis eða bæði stærð og skipulagsákvæðum eins og þéttleika og yfirbragði.

Í lýsingunni kemur fram að lagt verði mat á áhrif tillögu að breytingu með áherslu á áhrif á samfélag, náttúrufer og menningarminjar. Um er að ræða breytta útfærslu á svæði þar sem meginráttir landnotkunar hafa verið ákveðnir og því á við að bera saman áhrif gildandi skipulags og áformaðrar tillögu að breytingu og beina sjónum að þeim þáttum sem eru líklegir til að verði fyrir áhrifum vegna breytingarinnar. Bent er á að nýta fá en lýsandi viðmið til að komast að niðurstöðu svo sem viðmið sem fela í sér ákjósanlega niðurstöðu um þjónustu og aðgengi að grænum svæðum, fjölbreyttum og virkum ferðamatum og verndun tegunda sem eru á valista og menningarminjar. Einnig ætti að skoða þann möguleika að leggja fram eina sameiginlega umhverfismatsskýrslu fyrir aðalskipulagsbreytinguna og tillögu að deiliskipulagi.

Minnt er á að vinna þarf aðalskipulagsbreytinguna á stafrænu formi og að loknu skipulagsferlinu þarf að skila endanlegri tillögu á stafrænu formi til Skipulagsstofnunar auk annarra samþykkttra skipulagsgagna.



Birna Björk Árnadóttir

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Anna María Elíasdóttir <annae@hafnarfjordur.is>
Sent: fimmtudagur, 6. október 2022 15:31
To: Skipulag
Subject: Skipulags- og byggingarráð - 768 : 2210001 - Umsagnarbeiðni, lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogs

Tilkynning um afgreiðslu máls

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 6. október 2022 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var:

2210001 - Umsagnarbeiðni, lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogs

Kópavogsbær óskar 30.9.2022 eftir umsögn vegna skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.

Skipulags- og byggingarráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.

Ofangreint tilkynnist hér með
Anna María Elíasdóttir



Hafnarfjörður

Anna María Elíasdóttir

Skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurlunda 2

585 5500 / 664 5623
annae@hafnarfjordur.is
hafnarfjordur.is

Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Mosfellsbær, 10. október 2022
erindi nr. 202105014/19.3 fdb

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 573. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 7.10.2022, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Vatnsendahvarf - nýtt deiliskipulag og aðalskipulagsbreyting

Borist hefur erindi frá Kópavogsbæ, dags. 04.09.2022, með ósk um umsögn skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2022 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Fyrirhuguð breyting er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við þær ábendingar og umsagnir sem bárust. Umsagnafrestur er til og með 27.10.2022.

Lagt fram og kynnt. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar



Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi

Málsaðili ber sjálf/ur ábyrgð á því að kynna sér hugsanlegan kostnað afgreiðslu erindis á heimasíðu sveitarfélagsins: www.mos.is/gjaldskrar

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.



Guðmundur G. Gunnarsson

From: Jórunn Gunnarsdóttir <jorunn@landsnet.is>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 14:26
To: Skipulag
Subject: Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs_Vatnsendahæðar
Attachments: 2022.10.14 Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs_Vatnsendahæðar_undirritud.pdf

Góðan daginn!

Meðfylgjandi er umsögn frá Landsneti.

Vinsamlegast satðfestið móttöku.

Bkv. Jórunn

Jórunn Gunnarsdóttir

Verkefnisstjóri

Stjórnunarsvið / Corporate Service & Communications

Tel / Sími +354 563 9313 / Mobile / Gsm. +354 695 0635 / jorunn@landsnet.is

LANDSNET

www.landsnet.is / www.facebook.com/landsnet / www.linkedin.com/company/landsnet /
www.instagram.com/landsnet

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Umhverfissvið Kópavogsbæjar
skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

14.10.2022
2022-10-5/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar

Landsneti barst þann 3. október 2022 beiðni um að veita umsögn um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040 vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar. Frestur til að veita umsagnir er til 27. október 2022.

Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet hefur áður veitt umsögn um vinnslutillögu deiliskipulags fyrir sama svæði. Þar var vakin athygli á að samkvæmt kerfisáætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu, sem mögulega gæti legið við mörk skipulagsins. Einnig að fyrirtækið ynni þá að gerð umhverfismats vegna þessa.

Þar sem umhverfismati vegna framangreindra framkvæmda sem gerðu m.a. ráð fyrir valkosti um Vatnsendahvarf, hefur verið sett í bið um óákveðinn tíma, telur Landsnet ekki lengur þörf á að fyrirtækið veiti umsagnir um skipulag á þessu svæði.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson



Undirritað af:
Einar Snorri Einarsson
3101723759
Dags: 14.10.2022
Tími: 14:01:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a1d13fb2-
4915-4fc9-9a3c-
5660e10eba7a

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Bergljót Sigríður Einarsdóttir

From: bjarnia@ismennt.is
Sent: þriðjudagur, 18. október 2022 11:54
To: Skipulag
Subject: Vegna kynningar á Vatnsendahvarfi

Sæl

Þið eruð með í kynningu breytingu á skipulagi á Vatnsendahvarfi. Í þessari kynningu eru þið með mynd af upphaflega skipulaginu og þeim breytingum sem lagðar eru til.

Myndir eingöngu birtar til skýringar. Myndirnar eru ekki í mælikvarða.



Drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 – hér birt til skýringar.

Mynd 5a.



Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahæðar-Vatnsendahvarf, drög í vinnslu eftir forkynningu tillögu.

Mynd 5b.

Myndin sem er hér að ofan er svo smá og í svo lélegri upplausn að það er ekki hægt að sjá þann texta sem skrifaður er á þessar myndir. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa um að það skipulag sem verið sé að kynna sjáist á mynd. Því óska ég eftir því að fá þessa mynd senda þannig að textinn á myndinni sjáist allavega.

Gert er ráð fyrir í skipulaginu að Kambavegur verði safngata niður að Vatnsendavegi. Hvað þýðir það varðandi hámarkshraða? Verður hann þá 50? Verður þá gatnamótunum við Kambaveg og Kóraveg breytt þannig að Kambavegur verður þá með forgang á Kóraveg niður á Vatnsendaveg? Hvernig verðu þá hugað að gangandi umferð yfir Kambaveg þegar hann er orðin safngata?

Með kveðju

Bjarni Antonsson

Kleifakór 3

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: miðvikudagur, 19. október 2022 17:59
To: Bergljót Sigríður Einarsdóttir; Skipulag
Cc: Eydis Línal Finnboadóttir - NI
Subject: Re: Kynning_Lýsing-skipulagsverkefni-br-ask_Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð skv. 1.mgr.30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202209-0034 (SS).

Vísað er til tölvubréfs frá skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 3. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Um er að ræða 2. breytingu á aðalskipulaginu frá staðfestingu þess 28. desember 2021.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu fyrir deiliskipulag sama svæðis þann 25. maí 2021 og um deiliskipulagstillöguna þann 6. maí 2022 (í forkynningarferli), en er nú stefnt að því að móta áfram deiliskipulagstillöguna í kjölfar breytingar á aðalskipulagi. Mun deiliskipulagstillagan því aftur verða send til umsagnar samhliða breytingartillögu á aðalskipulagi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagslýsinguna þann 25. maí 2021 kom fram mat stofnunarinnar á verndargildi svæðisins en þar kom fram að um raskað svæði væri að ræða með lítið verndargildi. Hins vegar var lagt til að gerð yrði úttekt á fuglalífi og að kortlögð yrði útbreiðsla plöntutegundarinnar blátoppu sem er válistategund (og í dag friðuð samkvæmt auglýsingu umhverfis- og auðlindaráðherra nr. 1385 frá 18. nóvember 2021).

Kópavogsbær leitaði til Náttúrufræðistofnunar sem framkvæmdi úttekt á gróðurfari og fuglalífi skipulagssvæðisins sumarið 2021. Fjallað var um niðurstöður úttektarinnar í greinargerð með deiliskipulagstillögunni og í umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagið frá 6. maí 2022 kom fram að þótt vaxtarstaðir blátoppu í norðausturhorni skipulagssvæðisins myndu lenda inni á opnu svæði og eitthvað af vaxtarstöðum vestast á skipulagssvæðinu yrði einhverjum raskað nema farið yrði í tilfærslur á torfum yfir á önnur opin svæði, helst með mólendisgróðri. Í umsögninni var einnig mælt með að hlífa og/eða nýta grágrýtishnullunga af svæðinu við landslagsmótun eins og við á.

Skipulagslýsingin sem nú er til kynningar er vegna þess að útfærsla á deiliskipulagstillögunni í ljósi ábendinga á umsagnartíma kallar á tilfærslu á landnóktunarreitum í aðalskipulagi. Breytingin felst m.a. í að færa og stækka opið svæði gegnum byggðina. Ekki virðist sem breytingin muni hafa stórfelld áhrif á stöðu blátoppu og með stækkun opins svæðis aukast mögulega tækifæri til að færa torfur af henni inn á það ef þörf þykir sem og að koma fyrir grágrýtishnullungum sem raska þarf vegna framkvæmda. Huga þarf áfram að þessum atriðum að mati Náttúrufræðistofnunar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á athugasemdum síðar, einkum um endanlega deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Bergljót Sigríður Einarsdóttir


From: Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
Sent: fimmtudagur, 20. október 2022 14:15
To: Skipulag; Auður D. Kristinsdóttir
Subject: Boðaping 5-13 og Vatnsendahvarf - lýsing

Góðan dag

Veitur hafa kynnt sér skipulagslýsingu fyrir Vatnsendahvarf og deiliskipulagsbreytingu fyrir Boðaping 5-13 og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Vatnsendahvarf – Veitur þurfa góðan fyrirvara til að hanna og leggja ný dreifikerfi fyrir heitt vatn og rafmagn. Mögulega gæti þurft að gera ráð fyrir lóðum undir dreifistöðvar rafmagns. Veitur óska eftir góðu samvinnu á næstu stigum skipulagsins.

Boðaping 5-13 – Veitur benda á að háspennulagnir rafmagns liggja við lóðamörk suðurhluta skipulagsins (sjá nánar á mynd hér fyrir neðan). Óljóst er hvar bílakjallari liggur og hvers konar sorpgeymslu er gert ráð fyrir við lóðamörk. Bendum á að það þarf að verja lagnir með viðeigandi ráðsöfunum eða afleggja lagnirnar og leggja í nýja lagnalegu á kostnað þess sem óskar eftir breytingunni.



Kær kveðja,

Helga Rún Guðmundsdóttir

Sérfræðingur í umhverfis og skipulagsmálum

Framtíðarsýn og rekstur / Veitur

Sími: 516 6000 | Farsími: 6176691 | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is

Veitur | www.veitur.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur



ÖLFUS

Þorlákshöfn, 21. október 2022
Málsnúmer: 2209043 GJ
Kt. umsk. 7001693759

Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn, Iceland
+354 480 3800 olfus.is

Á 39. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 19.10.2022 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.

**Umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar -
Vatnsendahvarf - Vatnsendahæð**

Skipulagsfulltrúi Kópavogs óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Kópavogs.

Afgreiðsla: Nefndin telur að lýsingin gefi góða mynd af verkefninu og gerir ekki neinar athugasemdir.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar


Gunnlaugur Jónsson

skipulagsfulltrúi Ölfuss



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Kópavogsbær
B.t. skipulagsfulltrúi

Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík 26. október 2022
MÍ202210-0003/ 6.08 / 0875

Efni: Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð - breyting á aðalskipulagi - lýsing skipulagsverkefnis

Með tölvubréfi dagsett 30. september 2022 óskaði Bergljót S. Einarasdóttir, verkefnastjóri hjá umhverfissviði Kópavogs eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um lýsingu skipulagsverkefnis, Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar vegna breytingu á aðalskipulagi. Meðfylgjandi erindinu var lýsing á skipulagsverkefni/greinargerð unnin af umhverfissviði Kópavogs, breyting nr. 2, dagsett 15. september 2022.

Tilgangur breytingarinnar er að samræma stefnu í aðalskipulagi við þá útfærslu byggðar, sem unnið er að í deiliskipulagi og uppfæra aðalskipulagið með tilliti til þeirra ábendinga, umsagna og nýrra upplýsinga sem bárust eftir forkynningu á deiliskipulagstillögu á vinnslustigi sem kynnt var í mars 2022. Minjastofnun veitti umsögn um þá tillögu dagsett 29. apríl 2022.

Samkvæmt meðfylgjandi greinargerð eru helstu breytingarnar, sem snúa að stjórnslu Minjastofnunar, að leiðrétta þarf staðsetningu fornleifa nr. MV-9 á aðalskipulagsupphætti og leiðrétta þarf ákvæði/texta um hús Útvarpsstöðvar Íslands í greinargerð aðalskipulagsins.

Einnig kemur fram í greinargerðinni að verið sé að vinna að deiliskipulagi svæðisins samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari og er ætlunin að auglýsa þær samtímis.

Fyrir liggur *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi*, unnin af Fornleifafræðistofnunni í maí 2022. Samkvæmt þeirri skráningu eru 12 fornleifar/minjar skráðar á deiliskipulagssvæðinu. Þegar mynd 1 (staðsetning fornleifa) úr fornleifaskráningunni er borin saman við mynd 5a (drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi) úr greinargerðinni má sjá að allar

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnulegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

skráðar fornleifar/minjar á skipulagssvæðinu eru staðsettar innan landnotkunarreits fyrir íbúðabyggð á norðaustur hluta svæðisins.

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu skipulagsverkefnis Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar vegna breytingu á aðalskipulagi.

Rétt er að minna á að útlínur skráðra fornleifa innan deiliskipulagssvæðis, sem hafa verið mældar upp sbr. ofangreinda fornleifaskráningu, skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Ef frekari upplýsinga er óskað skal hafa samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjávörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi (skipulag@kopavogur.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Kópavogsbær
Umhverfissvið Kópavogs, skipulagssvið
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavíkurflogvelli, 27. október 2022
INN2209013KA

Efni: Breyting á aðalskipulagi Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Lýsing.

Isavia hefur mótttekið erindi Kópavogsbæjar dags. 30.9.2022 þar sem óskað er eftir umsögn Isavia um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi við Vatnsendahvarf í Kópavogi.

Isavia hefur farið yfir umrædd gögn sem merkt eru breyting nr. 2 dags. 15. september 2022 og gerir ekki athugasemd við lýsinguna eða fyrirhugaðar framkvæmdir en óskar eftir nánari upplýsingum og bendir á eftirfarandi:

Á umræddu svæði er mastur á vegum Neyðarlínunnar sem er ráðandi hindrun í hringflugi stærri flugvéla um Reykjavíkurflogvöll. Hæð mastursins er um 200 m (655 ft) yfir sjávarmáli. Félagið óskar eftir upplýsingum sem fyrst um framtíð mastursins, mun það standa áfram eða verður það fjarlægt? Einnig kallar félagið eftir upplýsingum um hæð efstu bygginga yfir sjávarmáli á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Mikilvægt er að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en deiliskipulag er auglýst þannig að hægt sé að reikna út áhrif breytinganna á flugumferð um Reykjavíkurflogvöll.

Þegar að uppbyggingu svæðisins kemur þarf að skoða í samvinnu við félagið og Samgöngustofu þörf á að hindranalýsa byggingar á svæðinu en gera má ráð fyrir að æskilegt sé að hindranalýsa a.m.k. þær byggingar sem ná hæst yfir sjávarmáli á þessu svæði.

Félagið vill nota tækifærið og vekja sérstaka athygli bæjarins á ákvæðum í 148. og 149. gr. nýrra laga um loftferðir nr. 80/2022, varðandi frávik frá hæðartakmörkunum og framfylgni við skipulagsreglur flugvalla.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Karl Alvarsson
Yfirlögfræðingur

Afrit sent Samgöngustofu.

Kópavogsbær
Bt. Bergljótar Sigríðar Einarsdóttur
Digranesvegi 1
200 Kópavogi
skipulag@kopavogur.is

Dags. 27.10.2022
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2022-0180

Með erindi dags. 30. september sl. óskaði Kópavogsbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands eftir umsögn á lýsingu skipulagsverkefnis við Vatnsendahvarf á Vatnsendahæð.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu þessa.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason
Forstjóri Veðurstofu Íslands

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Þjónustuver Kópavogsbæjar
Sent: Þriðjudagur, 1. nóvember 2022 08:01
To: Guðmundur G. Gunnarsson
Subject: FW: Svæðisskipulagsnefnd - 110 : 2210001 - Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð - Kynning á lýsingu skipulagsverkefnis

Kveðja,
Sigríður Helgadóttir
Þjónustufulltrúi þjónustuver
441 0000 | siggahelga@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

[Fyrirvari/disclaimer](#)

From: Jón Kjartan Ágústsson <jon@ssh.is>
Sent: mánudagur, 31. október 2022 17:09
To: Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>; Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>
Subject: Svæðisskipulagsnefnd - 110 : 2210001 - Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð -Kynning á lýsingu skipulagsverkefnis

Góðan dag,

Vísa til meðfylgjandi bókunar frá 110. fundi svæðisskipulagsnefndar dags. 14.10.2022 vegna ofangreinds:

2210001 - Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð -Kynning á lýsingu skipulagsverkefnis

Fyrirliggjandi er bréf skipulagsfulltrúa Kópavogs vegna ofangreinds. Á 107. fundi nefndarinnar dags. 29.4.2022 var eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð vegna auglýsingar að nýju deiliskipulagi Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar: ekki gerðar athugasemdir. Nú liggur fyrir lýsing að aðalskipulagsbreytingu. Á kynningartíma deiliskipulags komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulags tillögunnar sem kalla á breytingar á aðalskipulagi.

Niðurstaða
Ekki gerðar athugasemdir

Þessu er hér með komið á framfæri.

Bent er á að fundargerðir nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu SSH [hér](#).

Með kveðju,



Jón Kjartan Ágústsson M.Sc.

Svæðisskipulagsstjóri

jon@ssh.is

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hamraborg 9, 200 Kópavogi

564-1788

www.ssh.is



Kópavogur 31.10.2022

Kópavogsbær
Skipulagsfulltrúi
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 27. október 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Kópavogur, Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 30. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um lýsing skipulagsverkefnis (skipulagslýsing) dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi þ.e. að og frá hverfinu. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 27. október 2022.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 27. október 2022 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa


Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 27. október 2022.



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Kópavogsbær
b/t skipulagsstjóra
Digranesvegur 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 27. október 2022

Mál SN220620: Kópavogur, Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, skipulagslýsing vegna breytingu á aðalskipulagi

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar, dagsett 30. september, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar á skipulagslýsingu, dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Í aðalskipulagsbreytingunni verður m.a. afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, auk þess sem fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla..

Ekki er gerð athugasemd við erindið.

Haraldur Sigurðsson

Umhverfissvið Kópavogs, skipulagssvið
B.t. Bergljótar S. Einarsdóttur verkefnastjóra
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 1. nóvember 2022
Tilvísun: K-17975

Sent á netfangið: skipulag@kopavogur.is

***Umsögn um deiliskipulagsverkefni,
Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, breyting á Aðalskipulagi Kópavogs.***

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldinn var 31. október 2022 var lagt fram erindi frá skipulaginu í Kópavogi dags. 3. október 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um lýsingu á skipulagsverkefni, *Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, breyting á aðalskipulagi*. Frestur til að veita umsögn var til 27. október 2022 en óskað var eftir nokkra daga fresti vegna tímasetningar á áformuðum fundi heilbrigðisnefndar.

Verkefnið snýr að skipulagi á nýju íbúðahverfi. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 var stefnt á uppbyggingu nýs íbúðahverfis á skipulagssvæðinu. Tilgangur breytingarinnar er að samræma stefnu í aðalskipulagi við útfærslu byggðar í deiliskipulagi. Fram kemur að áformað er að auglýsa saman breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi síðar í vetur.

Eftirfarandi bókun var samþykkt.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu á breytingu á aðalskipulagi á þessu stigi en væntir þess að fá aðalskipulagsbreytinguna og tillögu að deiliskipulagi til umsagnar á síðari stigum. Þá væntir nefndin þess að hljóðvistarmál fái þar góða umfjöllun.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins


Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi